



## FJÖLMIDLANEFND

21. október 2021

**Álit nr. 1/2021**

### **Skráningarskylda fjölmiðla og viðskiptaboð fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi, sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi, í hlaðvarpinu Steve Dagskrá**

#### **I. Kvörtun og málsatvik**

##### **1. Kvörtun**

Fjölmiðlanefnd barst kvörtun þann 12. október 2020 frá Íslenskum getraunum þar sem kvartað var undan ítrekuðum viðskiptaboðum fyrir vörumerki Coolbet á Íslandi. Í kvörtuninni kom fram að Íslenskar getraunir hafi, í samræmi við lög nr. 38/2005 um happdrætti (hér eftir lög um happdrætti), leyfi til að starfrækja tilteknar tegundir happdrætta samkvæmt lögum nr. 59/1972 um getraunir (hér eftir lög um getraunir). Coolbet haldi úti vefsíðu og samfélagsmiðlum sem sé beint að íslenskum markaði og hafi einnig auglýst hérlandis og fengið umfjöllun í fjölmiðlum og hjá áhrifavöldum sem Íslenskar getraunir telji bersýnilega kostaða. Með kvörtuninni fylgdu skjáskot af samfélagsmiðlum með umfjöllun um Coolbet og upplýsingar um umfjöllun í hlaðvarpinu Steve Dagskrá, ásamt hljóðbúti úr þætti Steve Dagskrá sem gerður var aðgengilegur 15. september 2020. Tekið var fram að tilvikin væru fleiri en dæmi væru tekin um.

Að mati Íslenskra getrauna teldust fyrrgreindar umfjallanir hljóð- og myndefni sem miðlað væri með rafrænum hætti hér á landi. Samkvæmt 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla væru óheimil viðskiptaboð og fjarkaup fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi. Starfsemi Coolbet hefði ekki leyfi til að reka happdrætti á Íslandi í samræmi við lög um happdrætti og því væri starfsemin ólögleg. Var vísað til 54. gr. laga um fjölmiðla um stjórnvaldssektir og 56. gr. laganna um refsingar í því samhengi. Var einnig vísað til b-liðar 1. mgr. 11. gr. laga um happdrætti um refsingar og að það varði sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, ef maður af ásetningi eða stórfelldu gáleysi auglýsi, kynni eða miðli hvers konar upplýsingum um



## FJÖLMÍÐLANEFND

happdrætti sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir samkvæmt lögum um happdrætti eða uppfyllir ekki skilyrði laganna, óháð því hvort starfsemi þess er rekin hérlendis eða erlendis.

Að lokum kom fram í kvörtuninni að Íslenskar getraunir teldu ljóst að starfsemi Coolbet á Íslandi og þeirra sem miðla viðskiptaboðum fyrir starfsemi vörumerkis Coolbet fæli í sér brot á fyrrgreindum lagaákvæðum. Var því farið fram á að Fjölmiðlanefnd gripi til viðeigandi ráðstafana með hliðsjón af þeim úrræðum sem nefndin hafi til að stöðva starfsemina.

### 2. Málsvik

Hlaðvarpið Steve Dagskrá er aðgengilegt í gegnum Spotify, Apple Podcasts og aðrar dreifileiðir. Er nýr þáttur gerður aðgengilegur um einu sinni í viku. Á Facebook-síðu hlaðvarpsins segir eftirfarandi:

*„Kjarnyrnt umræða um málefni líðandi stundar þar sem rjóminn er fleyttur af troginu og málin skoðuð út frá öðrum vinklum en almennt þekkt í hlaðvarpsþáttum hérlendis. Þó að knattspyrnutengd málefni séu leiðandi efnistöð, hika þáttastjórnendur ekki við að færa umræðuna í þær áttir sem þeim hentar hverju sinni. Þáttastjórnendur eru Vilhjálmur Freyr Hallsson, skipatækjamaður og Andri Geir Gunnarsson, eilífðarstúdent og heimspekinemi.“*

Meðfylgjandi kvörtun Íslenskra getrauna var skjáskot af vefsíðu Apple Podcasts með upplýsingum um þátt Steve Dagskrá sem gerður var aðgengilegur 15. september 2020. Þar kom fram að umfjöllunarefni þáttarins væri m.a. að Rúrik Gíslason hafi gefið út lag, Pepsi Max deildin væri búin og enska deildin væri að byrja. Var þátturinn rétt yfir 70 mínútur að lengd. Með kvörtuninni fylgdi einnig hljóðbútur úr umræddum þætti. Var búturinn rúmlega 1 mínúta að lengd og þar má heyra eftirfarandi umræður milli þáttastjórnenda um Coolbet:

**Þáttastjórnandi 1:** „Heyrðu, við erum í boði Coolbet.“

**Þáttastjórnandi 2:** „Já.“

**Þáttastjórnandi 1:** „Coolbet eru okkar menn.“

**Þáttastjórnandi 2:** „Þeir eru komnir með stuðla á sko hverjir fara upp úr annarri deildinni og hverjir fara niður.“

**Þáttastjórnandi 1:** „Ég er alltaf hrifnari af því þegar menn fara að tala um hverjir eru að fara niður.“

**Þáttastjórnandi 2:** „Já.“

**Þáttastjórnandi 1:** „Þá ertu ekkert að spá bara heyrdú ég veit bara að þessi er aumingi, hann er í þessu liði.“

**Þáttastjórnandi 2:** „Já.“



## FJÖLMÍÐLANEFND

**Páttastjórnandi 1:** „Ég náttúrulega var að vinna geðveikan seðil núna með Chelsea sigrinum. Það var bara free money sko. Ég sagði bara að Liverpool myndi vinna, Arsenal myndi vinna og Chelsea myndi vinna.“

**Páttastjórnandi 2:** „Já.“

**Páttastjórnandi 1:** „Og bara hérna ...“

**Páttastjórnandi 2:** „Svíngekk bara?“

**Páttastjórnandi 1:** „Já, já, bara sko ...“

**Páttastjórnandi 2:** „Manstu hvað þú fékkst í stuðul eða?“

**Páttastjórnandi 1:** „Nei, man það ekki. En ég get sagt það bara að VISA reikningurinn er á núlli.“

**Páttastjórnandi 2:** „Já.“

**Páttastjórnandi 1:** „Og frúin hlær.“

**Páttastjórnandi 2:** „Já. Er hún ekki alltaf svona soldið með þér í bettunum?“

**Páttastjórnandi 1:** „Jú, já. Hún segir: „Djöfull er þetta auðvelt“, hún segir það alltaf.“

**Páttastjórnandi 2:** „Já.“

**Páttastjórnandi 1:** „Hún reyndar sagði í gær: „Djöfull er auðvelt að vinna peninga þarna maður“.“

**Páttastjórnandi 2:** „Já.“

**Páttastjórnandi 1:** „En hún var ekki búin að sjá hin 12 töpin sem voru komin í röð sko.“

**Páttastjórnandi 2:** „Nei, þú sýnir henni það ekki.“

**Páttastjórnandi 1:** „Ég er búinn að bíða lengi eftir þessum sko.“

## II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

### 1.

Kvörtun Íslenskra getrauna vegna viðskiptaboða fyrir vörumerki Coolbet var lögð fyrir Fjölmiðlanefnd á fundi hennar 4. nóvember 2020. Var samþykkt að óska eftir upplýsingum og sjónarmiðum fyrirsvarsmanna hlaðvarpsins Steve Dagskrá vegna ætlaðra brota á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi. Í ljósi þess að hlaðvarpið var ekki skráð sem fjölmiðill hjá Fjölmiðlanefnd var jafnframt samþykkt að óska eftir því í sama erindi að hlaðvarpið yrði skráð í samræmi við 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla. Aðrir hlutar kvörtunarinnar, þ.e. viðskiptaboð fyrir Coolbet á samfélagsmiðlum, komu ekki til skoðunar þar sem slíkir miðlar teljast ekki til fjölmiðla í skilningi laga um fjölmiðla og eftirlit með veðmálaauglýsingum á samfélagsmiðlum fellur þar af leiðandi ekki undir starfssvið Fjölmiðlanefndar.

Erindi Fjölmiðlanefndar var sent með tölvupósti á netfangið stevedagskra@gmail.com dags. 9. nóvember 2020. Í erindinu kom fram að Fjölmiðlanefnd hafi borist kvörtun vegna ætlaðra



## FJÖLMIÐLANEFND

viðskiptaboða fyrir vörumerkið Coolbet á Íslandi í hlaðvarpinu Steve Dagskrá. Samkvæmt kvörtuninni hafi starfsemi Coolbet ekki leyfi samkvæmt lögum og því væri starfsemin ólögleg. Því væri að mati kvartanda um að ræða brot gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Kom fram að meðfylgjandi kvörtuninni hafi verið hljóðbútur úr þætti Steve Dagskrá frá 15. september 2020 ásamt skjáskoti af vefsíðu Apple Podcasts. Var óskað eftir upplýsingum og sjónarmiðum vegna kvörtunarinnar og ætlaðs brots á lögum um fjölmiðla. Jafnframt var óskað eftir skráningu hlaðvarpsins Steve Dagskrá hjá Fjölmiðlanefnd í samræmi við 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla. Var tekið fram hvaða upplýsingar þyrftu að koma fram í tilkynningu um skráningu, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna. Var einnig á það bent að eignarhald félaga þurfi að vera rekjanlegt til þeirra einstaklinga sem þar standi að baki. Með erindi Fjölmiðlanefndar fylgdi skráningareyðublað. Þess var óskað að svör f.h. hlaðvarpsins Steve Dagskrá bærust eigi síðar en 24. nóvember 2020.

### 2.

Með tölvupósti dags. 24. nóvember 2020 bárust svör frá fyrirvarsmönnum, sem eru jafnframt þáttastjórnendur, hlaðvarpsins Steve Dagskrá við erindi Fjölmiðlaefndar. Í þeim svörum kom fram að Steve Dagskrá væri hlaðvarp um knattspyrnu og önnur áhugamál fyrirvarsmanna sem hefði verið haldið úti með hléum síðan sumarið 2018. Hlaðvarpið væri fyrst og fremst áhugamál og væri efni hlaðið inn eftir hentugleika og aðstæðum hverju sinni. Þætti fyrirvarsmönnum hlaðvarpsins miður ef þeir hafi aðhafst eitthvað sem Fjölmiðlanefnd teldi ekki í samræmi við lög. Yrði séð til þess að atvik sem þetta kæmi ekki upp aftur. Var tekið fram að ekki væri um samstarf við Coolbet að ræða og að engar umfjallanir yrðu um Coolbet framvegis í hlaðvarpinu. Frá því að erindi Fjölmiðlanefndar hafi borist þeim dags. 9. nóvember sl. hafi engar tilvísanir til Coolbet eða annarrar erlendrar veðmálastarfsemi komið fram í hlaðvarpinu og yrði það þannig framvegis. Var það von fyrirvarsmanna hlaðvarpsins Steve Dagskrá að þetta myndi skýra málið fyrir kvartanda og Fjölmiðlanefnd. Væru þeir tilbúnir að veita frekari upplýsingar ef þess þyrfti.

Fjölmiðlanefnd svaraði svarerindi fyrirvarsmanna hlaðvarpsins Steve Dagskrá með tölvupósti dags. 25. nóvember 2020. Var upplýst um að svörin yrðu lögð fyrir Fjölmiðlanefnd á næsta fundi hennar.

Á fundi Fjölmiðlanefndar dags. 9. desember 2020 var svarerindi fyrirvarsmanna hlaðvarpsins Steve Dagskrá lagt fyrir nefndina og rætt. Þar sem Fjölmiðlanefnd var með fleiri sambærileg mál til skoðunar og ekki höfðu borist svör frá öllum aðilum var samþykkt að fresta umræðu málsins. Jafnframt var samþykkt að unnið yrði að leiðbeiningum um skráningu hlaðvarpa hjá Fjölmiðlanefnd. Leiðbeiningarnar voru gefnar út í mars 2021.



## FJÖLMÍÐLANEFND

### 3.

Á fundi Fjölmiðlanefndar dags. 15. apríl 2021 var mál hlaðvarpsins Steve Dagskrá aftur til umræðu. Kom fram að skráning hefði ekki borist þrátt fyrir beiðni Fjölmiðlanefndar. Var samþykkt að ítreka beiðni um skráningu hlaðvarpsins Steve Dagskrá og vekja athygli fyrirvarsmanna hlaðvarpsins á leiðbeiningum Fjölmiðlanefndar um skráningu hlaðvarpa. Einnig var samþykkt að óska eftir upplýsingum um hvort greitt hafi verið fyrir ætluð viðskiptaboð fyrir Coolbet í hlaðvarpinu og afriti af samningi þess efnis ef honum væri til að dreifa.

Með tölvupósti dags. 29. apríl 2021 á netfangið stevedagskra@gmail.com ítrekaði Fjölmiðlanefnd beiðni sína um skráningu hlaðvarpsins Steve Dagskrá hjá Fjölmiðlanefnd í samræmi við 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla og vakti athygli á leiðbeiningum nefndarinnar um skráningu hlaðvarpa. Einnig var óskað eftir upplýsingum um það hvort fyrirvarsmenn hlaðvarpsins Steve Dagskrá hafi fengið greitt fyrir ætluð viðskiptaboð fyrir Coolbet á Íslandi í hlaðvarpinu. Kom fram að með viðskiptaboðum væri átt við texta, myndir og/eða hljóð sem væri ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og væri miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu, sbr. 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Til viðskiptaboða teldust m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning. Með hugtakinu „annað endurgjald“ væri t.d. átt við það þegar greitt er fyrir viðskiptaboð með vörunni sjálfri eða þjónustu, t.d. í formi inneignar. Var óskað eftir afriti af samningi ef honum væri til að dreifa. Var tekið fram að beiðni Fjölmiðlanefndar byggði á 3. mgr. 12. gr. laga um fjölmiðla en samkvæmt ákvæðinu getur Fjölmiðlanefnd krafist einstaklinga, lögaðila og stofnanir um skriflegar upplýsingar og gögn vegna ætlaðra brota gegn VI. kafla laganna er varða viðskiptaboð og fjarkaup. Að lokum var tekið fram hvar hægt væri að nálgast eyðublað vegna skráningar fjölmiðla og bent á að hægt væri að skrá miðla rafrænt á vefsíðu Fjölmiðlanefndar. Þess var óskað að svör f.h. hlaðvarpsins Steve Dagskrá og skráning hlaðvarpsins bærist eigi síðar en 14. maí sl.

Engin svör bárust við erindi nefndarinnar dags. 29. apríl 2021 fyrir tilgreindan svarfrest. Var erindið því ítrekað 25. maí 2021 á sama netfang. Var á það bent að samkvæmt a-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla getur Fjölmiðlanefnd lagt stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur sé brotið gegn ákvæði 14. gr. um að skráningarskyld starfsemi fari ekki fram án tilkynningar. Með fjölmiðlaveitu væri átt við einstakling eða lögaðila sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 15. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Ef fjölmiðlaveita teldi að starfsemin félli ekki undir gildissvið laga um fjölmiðla skv. 3. gr. þyrfti að rökstyðja það sérstaklega og tæki Fjölmiðlanefnd þá afstöðu til þess rökstuðnings. Þess var óskað að skráning hlaðvarpsins Steve Dagskrá bærist eigi síðar en 2. júní sl.



## FJÖLMIÐLANEFND

Engin svör bárust fyrir fyrrgreindan svarfrest og var því frummat Fjölmiðlanefndar vegna ætlaðs brot á skráningarskyldu fjölmiðla og reglum um viðskiptaboð fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi, sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi, sent 18. ágúst 2021 á netfangið stevedagskra@gmail.com. Frummatið var einnig sent í pósti á heimilisfang Vilhjálms Freys Hallssonar og póstlagt þann sama dag.

Í frummatinu fór Fjölmiðlanefnd yfir helstu málsatvik og lagasjónarmið vegna málsins. Fram kom að Fjölmiðlanefnd teldi hlaðvarpið Steve Dagskrá vera fjölmiðil í skilningi laga um fjölmiðla og þar með skráningarskyldan fjölmiðil. Með því að sinna ekki skráningarskyldu sinni eftir móttöku bréfs Fjölmiðlanefndar dags. 25. maí, þar sem kallað var eftir skráningu fjölmiðilsins Steve Dagskrá, hefði fjölmiðlaveita miðilsins brotið gegn 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla. Þá kom fram í frummatinu að nefndin teldi að umfjöllun um vörumerkið Coolbet í þætti hlaðvarpsins Steve Dagskrá, sem gerður var aðgengilegur 15. september 2020, teldist til viðskiptaboða og hafi miðlun þeirra falið í sér brot gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi.

Bent var á að einungis væri um að ræða frummat en ekki endanlega afstöðu Fjölmiðlanefndar. Þær ályktanir sem þar væru settar fram kynni að breytast gæfu athugasemdir og skýringar fyrirvarsmanna hlaðvarpsins Steve Dagskrá tilefni til þess.

Var fyrirvarsmönnum og fjölmiðlaveitu hlaðvarpsins Steve Dagskrá veitt lokafæri á að skrá hlaðvarpið og, eftir atvikum, koma á framfæri frekari athugasemdum og sjónarmiðum vegna ætlaðs brots á 1. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Var þess óskað að skráning og sjónarmið fyrirvarsmanna og fjölmiðlaveitu hlaðvarpsins bærust nefndinni eigi síðar en 2. september 2021. Fram kom að ef ekki yrði brugðist við erindi Fjölmiðlanefndar fyrir tilskilinn tíma yrði stjórnvaldssekt lögð á fjölmiðlaveitu hlaðvarpsins Steve Dagskrá, með vísan til a- og n-liðar 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla.

Föstudaginn 3. september 2021 barst Fjölmiðlanefnd tilkynning um að fjölmiðillinn Steve Dagskrá hefði skráð starfsemi sína. Upplýst var að hin skráða fjölmiðlaveita væri eignarhaldsfélagið Steve Dagskrá ehf. og að fyrirvarsmáður fjölmiðlaveitunnar og ábyrgðarmaður fjölmiðilsins væri Vilhjálmur Freyr Hallsson. Ekki bárust frekari skýringar eða sjónarmið frá fyrirvarsmanni fjölmiðlaveitunnar vegna ætlaðs brots á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla með viðskiptaboðum fyrir vörumerkið Coolbet.

Fjallað var um skráningu og sjónarmið Steve Dagskrá ehf. á fundi Fjölmiðlanefndar 7. september og 4. október 2021 og ákveðið að birta álit í málinu á grundvelli 1. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla og með vísan til 5. mgr. 54. gr. laganna.



## FJÖLMIDLANEFND

### III. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar

#### 1.

Lög um fjölmiðla gilda um alla fjölmiðla og fjölmiðlaveitur með staðfestu hér á landi sem miðla efni handa almenningi hér á landi, sbr. 3. gr. laganna. Í 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla segir að öll starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna og ekki er leyfisskyld sé skráningarskyld. Fjölmiðlaveita sem ekki stundi leyfisskylda hljóð- og myndmiðlun skuli tilkynna Fjölmiðlanefnd um starfsemi sína áður en hún hefst. Með hugtakinu fjölmiðlaveita er átt við einstakling eða lögaðila sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 15. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla.

Samkvæmt 13. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna er fjölmiðill hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar. Hugtakið hlaðvarp er sérstaklega skilgreint í 22. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla sem það þegar dagskrárliðir í heild eða að hluta í formi hljóðskráa eru boðnir almenningi til niðurbætur. Í athugasemdum við 2. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla kemur fram við 22. tölul. að hlaðvarp teljist til hljóðmiðlunar eftir pöntun og þarfnist ekki nánari útlistunar.

Í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla kemur fram í athugasemdum við hugtakið fjölmiðill í 2. gr. að lagt sé til að hugtakið sé skilgreint með einföldum og almennum hætti sem rúmi til framtíðar litið nýjar tegundir fjölmiðla. Í greinargerð frumvarpsins kemur enn fremur fram að ekki sé unnt að setja fram tæmandi talningu á því hvað geti talist vera fjölmiðill í ljósi þeirrar öru þróunar sem á sér stað á þessu sviði. Mikilvægt sé að í framtíðinni verði einstök miðlunarform mátuð við skilgreiningu laganna fremur en að ná utan um þau með tæmandi hætti.

Ritstjórn felur í sér stjórn á vali og skipan þess efnis sem miðlað er, sbr. 35. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Í 2. gr. starfsreglna Fjölmiðlanefndar segir að fjölmiðlaveita teljist hafa ritstjórn á efni þegar hún hefur forræði yfir því hljóð- og myndefni eða ritefni sem miðlað er sem og skipulagningu þjónustunnar að öðru leyti. Þó falli aðeins þeir aðilar undir hugtakið sem stýra og flokka hljóð- og myndmiðlunarefni og ritefni en byggja framboð sitt ekki einungis á leitarvélum. Þá segir enn fremur að það sé skýr vísbending um að miðlun efnis falli undir hugtakið fjölmiðill þegar fjölmiðlaveita hefur það að atvinnu að miðla fjölmiðlaefni og ber þannig ábyrgð á ritstjórnarlegri skipan og endanlegri samsetningu fjölmiðilsins. Þjónusta sem ekki hefur þann megintilgang falli á hinn bóginn sjaldnast undir hugtakið fjölmiðill í skilningi laganna. Persónubundnar bloggsgíður falli almennt utan hugtaksins fjölmiðill í skilningi



## FJÖLMÍÐLANEFND

laganna. Þá falli einstaklingsbundin og persónuleg samskipti á netinu, t.d. á vettvangi Facebook, einnig utan hugtaksins.

Í athugasemdum við hugtakið ritstjórn í 2. gr. frumvarps til laga um fjölmiðla kemur fram að ekki sé einfalt að draga skýr mörk milli þess hvað telst vera fjölmiðill og hvað ekki. Annars vegar sé miðlun sem augljóslega fellur í flokk fjölmiðlunar, eins og dagblöð, sjónvarp, hljóðvarp og netmiðlar, og hins vegar miðlun sem skýrlega falli ekki í flokk fjölmiðlunar, eins og einstaklingsbundin samskipti á Facebook og í tölvupóstum.

Hugtakið viðskiptaboð er skýrt í 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Þar segir að viðskiptaboð séu texti, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning. Með öðru endurgjaldi er t.d. átt við það þegar greitt er fyrir viðskiptaboð með vörunni sjálfri eða þjónustu.

Samkvæmt 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla eru óheimil viðskiptaboð og fjarkaup fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi. Um starfrækslu happdrættis gilda lög um happdrætti. Þá gilda sérlög um starfsemi getrauna, sbr. lög nr. 59/1972, og um talnagetraunir (lottó), sbr. lög nr. 26/1986. Jafnframt gilda sérlög um einstök happdrætti, svo sem lög nr. 13/1973 um Happdrætti Háskóla Íslands. Í athugasemdum við 37. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla segir að meginþættir happdrættislöggjafarinnar feli það í sér að hér á landi mega þeir einir reka happdrættis- og veðmálastarfsemi sem til þess hafi sérstakt leyfi. Samkvæmt b-lið 1. mgr. 11. gr. laga um happdrætti varðar það sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður af ásetningi eða stórfelldu gáleysi auglýsir, kynnir eða miðlar hvers konar upplýsingum um happdrætti sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir samkvæmt lögnum eða uppfyllir ekki skilyrði laganna, óháð því hvort starfsemi þess er rekin hérlendis eða erlendis. Í athugasemdunum kemur enn fremur fram að það muni vera óumdeilt að eftirliti og refsivörslu með ólögumatri happdrættisstarfsemi sé ábótavant. Það væri því samdóma álit þeirra sem á þessu sviði starfa að þörf úrbót fælist í því að eftirlit hér að lútandi yrði í höndum Fjölmiðlanefndar að því er tekur til viðskiptaboða og fjarkaupa þar sem um óheimila happdrættis- og veðmálastarfsemi er að ræða.

## 2.

Við mat á því hvort hlaðvarp teljist fjölmiðill og sé þar með skráningarskyld hjá Fjölmiðlanefnd er litið til þess hvort hlaðvarpið uppfylli skilyrði laga um fjölmiðla, sbr. 13. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, þ.e. að miðla með reglubundnum hætti til almennings efni er lýtur ritstjórn.





## FJÖLMIÐLANEFND

Efni hlaðvarpsins Steve Dagskrá er „kjarnyrt umræða um málefni líðandi stundar“, eins og segir í lýsingu á hlaðvarpinu á Facebook-síðu þess. Knattspyrnutengd málefni eru þó „leiðandi efnistöð“ eins og segir á Facebook-síðunni, þ. á m. úrslit leikja, leikmenn, þjálfarar og annað tengt knattspyrnu bæði hér á landi og erlendis. Í hlaðvarpinu ræða þáttastjórnendur sín á milli og fá stundum til sín gesti. Hlaðvarpinu er hlaðið upp og dreift á Spotify, Apple Podcasts og með öðrum dreifileiðum í gegnum notendaaðganga hlaðvarpsins á þeim miðlum. Nýr þáttur er gerður aðgengilegur um einu sinni í viku. Með því að ákveða um hvað er rætt í hverjum þætti stjórna þáttastjórnendur vali á efni hvers þáttar. Forræði yfir því efni sem miðlað er, stjórn á vali og skipan þess er í höndum þeirra þó að efninu sé dreift á Spotify, Apple Podcasts og annars staðar. Að framangreindu virtu er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að miðillinn Steve Dagskrá lúti ritstjórn.

Fjölmiðlanefnd telur ljóst að efni hlaðvarpsins Steve Dagskrá sé miðlað til almennings hér landi. Efni þess er á íslensku og er beint að almenningi á Íslandi þótt efninu sé dreift m.a. á erlendum dreifiveitum. Hlaðvarpið er gert aðgengilegt á t.d. Spotify, Apple Podcasts og SoundCloud. Jafnframt er fjölmiðlaveita hlaðvarpsins, Steve Dagskrá ehf., skráð félag hér á landi með lögheimili í Kópavogi og telst því með staðfestu hér á landi, í skilningi 3. gr. laga um fjölmiðla.

Nýr þáttur af hlaðvarpinu Steve Dagskrá eru gerður aðgengilegir um einu sinni í viku. Efni hlaðvarpsins telst því miðlað með reglubundnum hætti.

Auk skilyrða laganna lítur Fjölmiðlanefnd til annarra atriða við mat á því hvort miðill eigi að sinna lögbundinni skráningarskyldu fjölmiðla. Fjölmiðlanefnd metur hvert tilvik fyrir sig, m.a. út frá sjónarmiðum um fjárhagslegan ávinning, efni viðkomandi miðils og hver heldur honum úti. Í hlaðvarpinu Steve Dagskrá er t.d. að finna viðskiptaboð frá innlendum fyrirtækjum sem er sterk vísbending um að fjárhagslegur ávinningur sé af miðlun efnis hlaðvarpsins og það falli undir hugtakið fjölmiðill.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að hlaðvarpið Steve Dagskrá uppfylli skilyrði laga um fjölmiðla um að teljast fjölmiðill og hafi borið að sinna skráningarskyldu fjölmiðla, skv. 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla.

### 3.

Í þætti Steve Dagskrá sem gerður var aðgengilegur 15. september 2020, og hljóðbúti úr honum sem fylgdi kvörtun Íslenskra getrauna, má heyra þáttastjórnendur ræða sín á milli og vekja sérstaka athygli á Coolbet. Á vefsíðu Coolbet kemur fram að Coolbet sé vörumerki í eigu



## FJÖLMÍÐLANEFND

eistneska fyrirtækisins Stay Cool OÜ. Hjá Coolbet er m.a. hægt að veðja á ýmsar íþróttir, spila fjárhættuspil og póker. Samkvæmt vefsíðunni hefur Coolbet starfsleyfi í Eistlandi, Svíþjóð og á Möltu, með aðalskrifstofu í Tallinn. Coolbet hefur ekki starfsleyfi á Íslandi samkvæmt lögum um getraunir, lögum um happdrætti eða öðrum lögum.

Í fyrrgreindum þætti Steve Dagskrá kom fram að hlaðvarpið væri í boði Coolbet og var rætt um vinning sem annar þáttastjórnenda fékk á seðli þar sem veðjað var á úrslit knattspyrnuleikja. Kom fram að sá vinningur hafi verið „free money“ og auðvelt væri að vinna pening með því að veðja hjá Coolbet. Er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að umfjöllun um Coolbet í umræddum þætti hlaðvarpsins Steve Dagskrá hafi verið með þeim hætti að teljast til viðskiptaboða samkvæmt lögum um fjölmiðla. Vakin var sérstök athygli á Coolbet og tekið fram að hlaðvarpið væri „í boði“ Coolbet. Viðskiptaboð og fjarkaup fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi eru óheimil, sbr. 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Ljóst er að Coolbet hefur ekki slíkt leyfi.

Hvað varðar þann hluta kvörtunar Íslenskra getrauna sem snýr að viðskiptaboðum fyrir Coolbet á samfélagsmiðlum skal þess getið að slíkir miðlar teljast ekki til fjölmiðla í skilningi laga um fjölmiðla og fellur eftirlit með þeim því ekki undir starfssvið Fjölmiðlanefndar. Hið sama á við um eftirlit með lögum um happdrætti og lögum um getraunir.

### 4.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að hlaðvarpið Steve Dagskrá sé fjölmiðill sem beri að lúta skráningarskyldu samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla. Með því að sinna skráningarskyldu sinni ekki fyrir 2. september 2021, þrátt fyrir ítrekuð erindi Fjölmiðlanefndar þar sem bent var á skráningarskyldu hlaðvarpsins, hafi fjölmiðlaveitan Steve Dagskrá ehf. brotið gegn ákvæði 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla um skráningarskyldu fjölmiðla.

Er það jafnframt niðurstaða Fjölmiðlanefndar að umfjöllun um Coolbet í þætti hlaðvarpsins Steve Dagskrá sem gerður var aðgengilegur 15. september 2020 teljist til viðskiptaboða og feli þar með í sér brot Steve Dagskrá ehf. gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur Fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur sé brotið gegn ákvæði 14. gr. um að skráningarskyld starfsemi fari ekki fram án tilkynningar. Samkvæmt n-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur Fjölmiðlanefnd



## FJÖLMIÐLANEFND

stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur vegna brota á ákvæðum í VI. kafla laga um fjölmiðla, þar með talið 4. mgr. 37. gr. Samkvæmt 4. mgr. 54. gr. laganna geta sektir numið allt að 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitu af broti þegar það á við. Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. másl. 5. mgr. 54. gr.

Með vísan til 1. másl. 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla hefur Fjölmiðlanefnd ákveðið að falla frá sektarákvörðun í málinu. Við þá ákvörðun var tekið mið af því að fjölmiðlaveitan Steve Dagskrá ehf. brást við fyrsta erindi Fjölmiðlanefndar, þar sem vakin var athygli á því að starfsemi hlaðvarpa félli undir lög um fjölmiðla nr. 38/2011, og lét af þeirri hegðun sem var tilefni erindisins. Jafnframt var til þess litið að fjölmiðlaveitan skráði starfsemi hlaðvarpsins Steve Dagskrá degi eftir framlengdan lokafrest og að Fjölmiðlanefnd hefur ekki áður birt álit eða ákvörðun vegna brota Steve Dagskrár ehf. gegn ákvæðum laga um fjölmiðla.

### IV. Álitsorð

**Álit Fjölmiðlanefndar er að Steve Dagskrá ehf. hafi brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með miðlun viðskiptaboða fyrir vörumerkið Coolbet í þætti hlaðvarpsins Steve Dagskrá, sem gerður var aðgengilegur 15. september 2020.**

**Álit Fjölmiðlanefndar er að Steve Dagskrá ehf. hafi brotið gegn 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með því að sinna ekki skráningarskyldu hlaðvarpsins Steve Dagskrá fyrir 2. september 2021.**

Með vísan til 1. másl. 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 er fallið frá stjórnvaldssekt í máli þessu.

Einar Hugi Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

Finnur Beck

Róbert H. Haraldsson